

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 329

desember 2021



We Serve

Þjónum með ást og hlýju

Pistill Alþjóðaforseta



Kæru lionsfélagar
Sem lionsfélagi þá er eitt af mínum upphaldsverkefnum á þessum tíma árs, að framreiða mat til þeirra sem ekki fá nóg að borða. Einn af þeim hlutum sem ég hugsa mikið um, er að hve áriðandi er að vinna þetta með hjartanu.

Nú, ég get farið í súpueldhúsið og bara staðið bak við borðið með öllum þessum fallega mat, eða ég get staðið þar brosandí. Ég get unnið þetta eingöngu vegna þess að ég bauðst til þess eða ég get gert það með ást og hlýju, ég get gert það með hjartanu.

Fólkið sem kemur í súpueldhúsin, langar ekki til að vera þar. Þau vilja ekki biðja um fríar máltíðir. Margir eiga við erfiðleika að etja, sumir eru einmana eða eiga við heilsuvandamál að stríða. Það er mikilvægt að standa þarna með ást og kærleik í hjarta, vera brosandí og bjóða matinn með hlýju. Fólkið finnur orkuna frá þér.

Þegar þú framkvæmir eitthvað með hlýju þá geislar út frá þér.

Ef ég er brosandí og líður vel með það með það sem ég er að gera, þá held ég að fólk finni það. Þau sjá það og þau finna það. Svo, vertu klár á því hvernig þú leggur lið, er það með hjartagæsku, eða bara eitthvað sem ég sagðist ætla að gera. Það er mikill munur á þessu.

Fólk vill finna þörf og viðurkenningu, sama hvaða stöðu það hefur í lífinu. Þannig að í þessum mánuði og alla aðra mánuði, þegar þú ert að þjóna fram mat þá skaltu gera það með bros á vör, með hlýju og góðmennsku. Það er það sem gildir.

Ykkar til þjónustu
Douglas X. Alexander
Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar



Starfsárið komið vel á veg

Anna Fr. Blöndal

DG 109 B



Kæru Lionsfélagar
Við bárum þá von í brjósti að félagsstarf yrði með eðlilegum hætti þetta starfsár en þó ekki sé lokið þessum smitum í samfélaginu er staðan samt allt önnur og betri. Félagstarfið er líkara því sem var og lionsstarfið á allt öðrum og miklu betri stað. Við höfum aðlagð okkur

að breyttum aðstæðum, vitum hvað við þurfum að gera og sýnum varkárni. Við erum félagsverur og höfum þörf fyrir samveru við annað fólk og það er m.a. ástæða þess að fólk gengur til liðs við félagsskap eins og Lions. Samfélag einstaklinga sem vilja láta gott af sér leiða og leggja til samfélagsins þar sem aðstoðar er þörf. Af þessari ástæðu hafa lionsfélagar í klúbbum landsins gert sitt ýrasta til að halda áfram með verkefni þrátt fyrir allt. Fundir eru haldnir, vinir og félagar hittast og gera sér glaðan dag um leið og verkefni vetrarins eru skipulögð.

„Að gera vináttu að markmiði, ekki leið að marki. Sönn vináttu krefst einiskis í eigin þágu og má aldrei vera háð gagnkvæmum greiða“ er 5. grein siðareglna Lions og sú sem mér finnst fallegust.

Vináttu er undirstaðan í starfi allra lionsklúbba en einnig félagslíf, fræðsla og skemmtileg verkefni unnin með vinum og syngur þar hver klúbbur með sínu nefi. En öll erum við að róa í sömu átt til að leggja lið í samfélaginu, styrkja félagana og vinaböndin. Það er þörf fyrir að hugsjónir og markmið Lions séu lifandi og virk - alltaf.

Jólin eru á næsta leyti – tími kærleika, friðar

og samverustunda fjölskyldu og vina – sem flest okkar meta mikils og byrjum að hlakka til um leið og vetur sest að. Jólaljósín lýsa upp svartasta skammdegið og bægja myrkinu frá og þegar við tökum þau niður aftur hefur sólin hækkað örlítið á lofti.

Við skulum samt ekki gleyma því að mörgum reynist þessi tími erfiður fyrir ýmissa hluta sakir, bágar fjárhagsástæður, ástvinamissir eða veikindi. Desember er tileinkaður aðstoð við þá sem bágstaddir eru í þeirri viðleitni að allir geti notið gleði jólaanna. Margir lionsklúbbar leggja sitt að mörkum með framlögum til samtaka sem sinna jólaaðstoð og einnig beint til einstaklinga í nærsamfélaginu og er það vel. Við opnum hjartað fyrir meðbræðrum okkar og lionshjartað er stórt.

Nærum vináttuna, berum umhyggju fyrir sjálfum okkur og öðrum og njótum jóla og áramóta með fjölskyldu og vinum.

Jólakveðja



Skilafrestur á efni í næsta blað er 10. febrúar

FRAMBOÐ TIL EMBÆTTA VOR 2022

I samræmi við starfsreglur og lög fjöllumdæmis 109 vill fjöllumdæmisráð koma eftirfarandi á framfæri til allra Lionsfélaga

Fjöllumdæmis og umdæmisþing það 67. verða haldin í Hveragerði dagana 6. og 7. maí 2022. Framboð til embætta og tillögur skal taka fyrir á fjöllumdæmis og umdæmisþingum 2022. Frestur til að skila inn tillögum um breytingar á lögum og um mál sem leggja á fyrir þingin er samkvæmt lögum fjöllumdæmis 109 .

- 1) Mál og / eða tillögur sem klúbbur og/eða klúbbar óska eftir að séu rædd á umdæmisþingi / þingi fjöllumdæmisráðs skulu pósthleggjast umdæmisstjóra / fjöllumdæmisstjóra eigi síðar en 45 dögum fyrir umdæmisþing / þingi fjöllumdæmisráðs.
(Síðasti skiladagur fyrir 67. Lionsþing er því 23. mars 2022).
Fjöllumdæmisráð / umdæmisstjórnir fjalla um slíkar tillögur og gefa þeim álit.
- 2) Tillögur um framboð til embætta umdæmisstjóra, fyrsta og annars vara umdæmisstjóra fyrir starfsárið 2022 – 2023 skal senda kjörnefndum fyrir 15. febrúar 2022. Kjörgengi til embættis umdæmisstjóra hefur fyrsti varaumdæmisstjóri, kjörgengi til embættis fyrsta varaumdæmisstjóra hefur annar varaumdæmisstjóri.
Um kjörgengi til embættis annars varaumdæmisstjóra segir í lögum Fjöllumdæmis 109:
Sá einstaklingur skal vera:
 - a) Starfandi Lionsfélagi og hafa staðið í skilum við klúbb sinn, enda sé klúbburinn einnig skuldlaus við Alþjóðasambandið og fjöllumdæmi 109.
 - b) Hafa tryggt sér stuðning síns klúbbs eða meiri hluta klúbba síns umdæmis.
 - c) Hafa lokið eða verið að ljúka embætti sem formaður Lionsklúbbs og hafa setið í stjórn Lionsklúbbs í a.m.k. tvö önnur ár.
 - d) Hafa lokið eða verið að ljúka embætti (svæðisstjóri, gjaldkeri/ritari) í umdæmisstjórn.
 - e) Ekki má gegna ofangreindum embættum (c og d) samtímis nema til komi undanþága frá Alþjóðastjórn.
- 3) Tillögur um framboð til embættis fjöllumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2022 – 2023, til embættis vara fjöllumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2022 – 2023 og til embættis í alþjóðastjórn 2023 - 2025 skal senda fjöllumdæmisritara fyrir 15. febrúar 2022. Þeir einir eru kjörgengir til embættis fjöllumdæmisstjóra sem hafa gegnt embætti vara fjöllumdæmisstjóra og til embættis vara fjöllumdæmisstjóra sem gengt hafa embætti umdæmisstjóra. Til embættis í alþjóðastjórn eru kjörgengir þeir sem hafa gengt embætti umdæmisstjóra fyrir 1.júlí 2023.
- 4) Á umdæmis og þingi fjöllumdæmisráðs í Hveragerði verður:
 - a) Kosið í embætti umdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2022 – 2023.
 - b) Kosið í embætti fyrsta og annars varaumdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2022 – 2023.
 - c) Kosið í embætti fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2022 – 2023.
 - d) Kosið í embætti vara fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2022 – 2023.
 - e) Kosið á umdæmisþingi 109 A í embætti til alþjóðastjórnar 2023 – 2025.
 - f) Kosið á fjöllumdæmisþingi í embætti til alþjóðastjórnar 2023 – 2025.

Einnig þarf að kjósa eða skipa í eftirtalin embætti fjöllumdæmisráðs með framboðsfresti til 15. febrúar 2022:

- | | |
|-----------------------------------|--------------|
| g) GLT stjóri til eins árs | 2022 – 2023. |
| h) GMT stjóri til eins árs | 2022 – 2023. |
| i) GMT konur í Lions til eins árs | 2022 – 2023. |
| j) GST stjóri til eins árs | 2022 – 2023. |
| k) Alþjóðasamskiptastjóra | 2022 – 2024. |
| l) Kynningarstjóri | 2022 – 2024. |
| m) Hjálparsjóðsstjóri | 2022 - 2025. |
| n) Medic Alert stjóri | 2022 – 2024. |
| o) Kjaransorðunefnd (form.) | 2022 – 2025. |

Embætti sem þarf að kjósa um á þingi fjöllumdæmisráðs en falla ekki undir framboðsfrest:

- p) Fjöllumdæmisritari til eins árs,
- q) Fjöllumdæmisgjaldkeri til eins árs,
- r) Tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara til eins árs.
- s) Aðrir þeir embættismenn sem ráðið telur nauðsynlega og skulu kosnir árlega.

Embætti í liðum 4g – 4s eru án skilyrða og opin öllum áhugasömum Lionsfélögum.

Kópavogur 2. desember 2021

Þorkell Cýrusson Fjöllumdæmisstjóri 109 2021 – 2022

Þóra B. Guðmundsdóttir Umdæmisstjóri 109 A 2021 – 2022

Anna F. Blöndal Umdæmisstjóri 109 B 2021 - 2022

Jólin eru fyrir kærleika

Jólin eru fyrir kærleika. Þau eru fyrir gleði, til að gefa og deila með öðrum, fyrir hlátur og til að sameina fjölskyldu og vini og falletgar innpakkaðar jólagjafir. En að mestu eru jólin stund kærleika. Þessu trúði ég ekki þar til ungur nemandi minn með stór, sakleysisleg augu og rauðar kinnar gaf mér dásamlega gjöf ein jólin.

Maggi sem var 11 ára gamall munaðarlaus drengur sem bjó hjá frænku sinni, biturri miðaldra konu sem var ekki mjög glöð að þurfa að hugsa um litla dreng systur sinnar sem þá var látin. Hún þreyttist aldrei á því að minna Magga á það að vegna hennar örlætis þá væri hann ekki heimilislaus. Þrátt fyrir að það andaði köldu heima þá var hann góður og blíður drengur.

Ég hafði ekki tekið neitt sérstaklega eftir Magga í skólanum fyrr en hann fór að vera eftir þegar hin börnin voru farin heim, sem ég seinna fann út að reitti frænku hans til reiði.

Hann hjálpaði mér að ganga frá stofunni óumbeðinn og það gerði hann án margra orða í rólegheitum. Það var greinilegt að honum líkaði vel við þessar rólegu stundir í stofunni.

Þegar við töluðum saman þá talaði Maggi mest um móður sína þó hann hafði verið nokkuð ungur þegar hún lést. Hann minnstist hennar sem góðrar og ástríkrar móður sem ávallt eyddi miklum tíma með honum.

Jólin voru að nálgast en eitt hafi breyst, Maggi var alveg hættur að vera eftir í skólanum

á hverjum degi og fór eins fljótt og hann gat eftir hvern skóladag. Einn daginn stoppaði ég hann og spurði af hverju hann væri hættur að hjálpa mér eftir skóla.

Ég hef saknað þín Maggi minn, er ekki allt í lagi heima hjá þér?

Þessi stóru gráu augu lifnuðu við þegar hann leit á mig. Saknaðar þú mín virkilega, spurði Maggi?

Já, auðvitað saknaði ég þín, þú ert minn besti aðstoðarmaður, sagði ég.

Ég er að búa til svoltíð sem á að koma þér á óvart á jólonum, hvíslaði hann í trúnaði. Um leið varð hann vandræðalegur og hljóp út úr stofunni. Eftir þetta varð aldrei aftur eftir í skólanum.

Loksins rann upp síðasti dagurinn fyrir jólafrí. Maggi læddist hægt inn í stofuna seint þennan dag og hann faldi eithvað í höndum sínum sem voru fyrir aftan bak.

Ég er með gjöfina þína sagði hann feimnislega þegar ég leit upp. Ég vona að þér líki við hana. Hann rétti út höndina og í lófa hans var lítil heimatilbúin trékista. Hún er falleg Maggi sagði ég. Er eithvað inn í henni spurði ég? Ég opnaði kistuna og leit inn í hana.

Þú getur ekki séð hvað er inn í henni, svaraði Maggi, getur ekki snert það, eða bragðað á því, né fundið fyrir því. Mamma segir að það láti þér alltaf líða vel og vera hlýtt á köldum kvöldum og öruggum þegar þú ert ein.

Ég leit í tómu kistuna. Hvað er það Maggi minn sem mun láta mér líða svona vel?

Það er kærleikur hvíslaði hann mjúklega og mamma segir að það sé það besta sem þú getur gefið. Maggi sneri sér við og gekk hljóðlega út úr stofunni.

Enn þann dag í dag geymi ég litlu kistuna á píanóinu í stofunni heim og aðeins brosi þegar vinir mín spyrja hvað þetta sé og ég svara þeim að það sé kærleikur í henni.

Já, jólin eru fyrir glaðværd, söng, fyrir góðan mat og falletgar gjafir.

En að mestu eru jólin fyrir kærleika og ást.

Þýdd og staðfært: Þorkell Cýrusson

Ég veit ekki hvort þú hefur huga við það fest.

Að fegursta gjöf sem þú gefur er gjöfin sem varla sést

Ástúð í andartaki
augað sem glaðlega hlær,
hlýja í handartaki,
hjarta sem örara slær.

Allt sem þú hugsar í hljóði,
heiminum breytir til.
Gef þú úr sálarsjóði,
sakleysi fegurð og yl.

Höfundur: Úlfur Ragnarsson

GMT fundur með alþjóðaforseta Lions

Douglas Alexander



Mánudaginn 15 nóvember 2021 sátu félagafulltrúar umdæmanna kvöldverðarfund með alþjóðaforseta Lions, Douglas Alexander.

Á fundinum var farið yfir stöðuna í félagamálum, ræddar áskoranir og tækifæri hér heima og á heimsvísu. Okkur kom saman um að það mikilvægasta væri að hafa nóg af verkefnum, ekki síður þau minni en þau stærri.

Einnig ræddum við hversu mikilvægt það er að virkja félagana, fá þeim hlutverk og til að taka þátt í verkefnum.

Alþjóðaforseti lagði mikla áherslu á að mörg smærri verkefni/samvera væru í raun mikilvægust, þ.e. að koma saman, virkja félagana og finna nýjar leiðir til að halda okkur virkum, skiptir öllu máli.

Við megum heldur ekki gleyma að hlúa að félögum, að hittast eða að taka upp símann og heyra í félögum, er mikilvægt. Lionsfélagar ættu að reyna eftir fremsta megni að vera sýnilegir, segja frá starfinu hvenær sem færi gefst, aldrei eru of oft skrifaðar fréttir og minnt á okkar góða starf.

Þjónustuverkefni eru mikilvægari en fjáraflanir enda erum við hreyfing sem gefur sig út fyrir að "þjóna" WE SERVE!



GMT 109A Sigfríð Andradóttir

GMT 109B Sigfríður Guðmundsdóttir

Hugleiðing frá fjölumdæmisstjóra

Porkell Cýrusson

fjölumdæmisstjóri MD109



Nú fer í hönd árstími ljóss og friðar. Margir hlakka til en öðrum kvíðir þessum tíma af mörgum ástæðum. Ástæða kvíðans getur verið að ýmsum toga og er fjallað um þær á öðrum vettvangi en hér. Lionsfélagar út um allt land fylgjast vel með á sínum svæðum hvar þörfin er fyrir aðstoð þeirra sem getur verið með ýmsum hætti bæði félagslegur og svo fjárhagslegur. Því miður eiga margir um sárt að binda á þessum árstíma sem nú fer í hönd og bið ég ykkur öll um að fylgjast vel með hvort þið getið gert eitthvað til að létta undir með nágrönnum ykkar með þeim hætti sem þið teljið þörf á.

Enn og aftur hefur veiran gert okkur grikk og urðum við að halda síðasta fund fjölumdæmisins rafrænt þar sem ekki var talið ráðlegt að safna fólki saman vegna smithættu. Sá fundur tókst vel og var mæting mjög góð og voru þegar mest var yfir 40 manns á fundinum.

Fundurinn var góður og umræður málefnaugar þrátt fyrir að fundurinn hafi verið á neti. Það er stefnan hjá okkur í umdæmisstjóraráði að halda næsta fund okkar sem staðfund, sá fundur er áætluð 5. febrúar nk. Það veit engin hver staðan verður í sóttvörnum þá en við vonum svo sannarlega að þær verði með þeim hætti að við getum haldið staðfund.

NSR þing var áætlað á Íslandi í janúar en nú hefur staðþing verið blásið af vegna veirunnar og verður þingið nú rafrænt og vonum við svo sannarlega að sem flestir taki þátt í því með okkur. Dagskrá þingsins verður auglýst í miðlum okkar og eins hvernig hægt verður að tengjast þinginu til að fylgjast með því og taka þátt.

Í upphafi pistilsins talaði ég um að nú færi í hönd árstími ljóss og friðar og er það sannarlega rétt. Ýmislegt þarf að varast á þessum tíma því öll viljum við eiga gleðileg jól með fjölskyldu og vinum því skulum við fara varlega með jólastreytingar og passa upp á allar eldvarnir og eins það sem aldrei er of oft sagt, persónulegar smitvarnir.

Ég óska öllum lionsfélögum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakka fyrir samstarfið á árinu sem nú er að líða.

Mestu af peningum í það svo hægt verði að bæta lífsgæði fleiri blindra og sjónskertra á Íslandi með því að afhenda þeim blindrahund til afnota.

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar, Douglas X. Alexander, er væntanlegur til Íslands í þessum mánuði ef ekkert verður til að hefta för hans. Skipulag heimsóknar hans er í fullum gangi og hef ég haft með mér úrvalsfólk í því og á það miklar þakkir skildar

fyrir þeirra hlut. Dagskrá hans hér verður hefðbundin, hann heimsækir forseta Íslands, skoðar Hellsheiðarvirkjun, gróðursetur tré í forsetalundi hjá Lionsklúbbnum Ásbirni í Hafnarfirði, heimsækir Sjónlag og skoðar þau tæki sem Lionsklúbbur Vestmannaeyja stóð fyrir söfnun á og keypti fyrir augnlæknastofu í Vestmannaeyjum sem er beintengd Sjónlagi (sjá grein hér í blaðinu), heimsækir Björgunarsveit Hafnarfjarðar svo fátt eitt sé nefnt. Eitt ætla ég þó að nefna, þriðjudaginn 16. nóvember verður opið hús í Lionsheimilinu á milli 17:00 og 19:00 þar sem lionsmönnum gefst kostur á að hitta alþjóðaforseta og hvet ég alla lionsfélaga til að koma í lionsheimilið í Hlíðasmára og hitta hann.

Undirbúningur fyrir NSR þingið sem verður í Reykjavík 21. – 23. janúar 2022 er í fullum gangi af undirbúningsnefnd þess. Sú vinna er vel á veg komin og við reiknum með staðarþingi eins og staðan er nú í sóttvarnareglum. Fljótlega kemur upp síða á lions.is þar sem dagskrá verður kynnt. NSR þingið er opið öllum félögum í Lions og hvet ég ykkur til að kynna ykkur vel dagskránnar og mæta á þá viðburði sem þið kunnið að hafa áhuga á.

Næsti umdæma- og fjölumdæmisfundur er áætlaður 27. nóvember nk. Þessir fundir eru hefðbundnir og verða auglýstir síðar bæði á Facebook (Lions Mál) og á heimasíðu Lions.

Að lokum hvet ég okkur öll að gæta vel að sóttvörnum og fara vel með okkur því sú vísa er aldrei of oft kveðin. Ég vona að okkur farnist öllum vel í störfum okkar á hvaða vettvangi sem það kann að vera.



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu

Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Eftir að hafa greinst með sykursýki varð markmið hans í lífinu að efla vitund og þekkingu almennings á sykursýki

Þegar Pat Ryan var enn barn fluttist amma hans inn á heimilið. Eitt það fyrsta sem hann tók eftir var að hún notaði misstóra skó. Þetta var hans fyrsta reynsla af sykursýki. Amma hans hafði greinst með sykursýki og til að bjarga lífi hennar þurfti að taka af henni allar tærnar á vinstri fæti.

Samkvæmt heilbrigðisráðuneyti Bandaríkjanna eru 10,5% fullorðinna Bandaríkjamanna með sykursýki. Í Kentucky ríki er þessi tala mun hærri. Um það bil 15% íbúanna greinast með sykursýki og talið er að allt að 35% sér raunverulega með sjúkdóminn.

Árið 2014 glímdi Ryan sjálfur við sykursýki af tegund 2. Hann var þá orðinn félagi í Lkl. Bluegrass. Ryan hafði þróað með sér langvinnan nýrnasjúkdóm á þriðja stigi og tók lyfseðilsskyld lyf til að stjórna blóðsykri, háum blóðþrýstingi og háu kólesteróli. „Ég var á góðri leið með að fá slæma fylgikvilla vegna sykursýki,“ sagði Ryan.

Ryan vissi að hann þyrfti að grípa til róttækra aðgerða og lifa heilbrigðara lífi til að ná stjórn á sykursýkinni. Hann yrði að gerbreyta sínum lífsstíl, þar á meðal að breyta mataræði sínu, hreyfa sig meira og leita sér fræðslu um sykursýki. Með þessum breytingum tókst Ryan að lækka blóðsykurinn, blóðþrýstingurinn varð eðlilegur, kólesteról lækkaði og nýrnasjúkdómurinn komst niður á fyrsta stig. Í dag tekur hann engin lyf og hefur náð tökum á lífi sínu á ný.

Barátta Ryan við sykursýki gerði hann enn meðvitaðri um alvarleika sjúkdómsins og hversu algengur hann er og þá sérstaklega í hans heimaári, Kentucky, þar sem sjö af hverjum 10 manns vita ekki að þeir eru með sjúkdóminn. Þegar sykursýki varð eitt af „opinberum“ verkefnum Lions vissi Ryan strax að hann hefði fundið sinn rétta stað.

Ákvörðun Lions um að sykursýki yrði eitt af „opinberum“ verkefnum var tekin til að geta brugðist við þörfinni fyrir aukinni þekkingu almennings með fræðslu og áróðri og auknu aðgengi að ummönnum og skimun.

Með 67.500 dollara stuðningi alþjóðahjálparsjóðs Lions hefur Lkl. Bluegrass með Ryan í broddi fylkingar hrundið af stað verkefni sem ætlað er að draga úr fjölgun sykursjúkra og bæta lífsgæði þeirra sem þegar hafa greinst. Þúsundir íbúa Kentucky hafa þegar fengið fræðslu og skimun og yfir 240 hafa greinst með sjúkdóminn. Ætlunin er að ná til enn fleiri einstaklinga.

Þetta verkefni Lkl. Bluegrass hefur haft mikil áhrif í Kentucky og nánast hægt að líkja því við lífsstíls byltingu.



Heimsfaraldurinn var mikil áskorun fyrir verkefnið og hafa þeir þurft að aflýsa fjölmörgum skimunar viðburðum. Félagar klúbbsins dóu þó ekki ráðalausir heldur lögðust þeir í kynningarherferð sem hefur tekist mjög vel.

Alþjóðahjálparsjóður Lions hefur styrkt mikið af verkefnum tengdum baráttunni gegn sykursýki og hægt er að fræðast nánar um það á vef sjóðsins, lcif.org/diabetes.

Þýðing: Kristinn Hannesson



Lionsklúbburinn Njörður
 óskar öllum lionsfélögum um land allt
 gleðilegra jóla og farsælt komandi árs og þakkar
 fyrir samstarfið á árinu sem senn er liðið.

Að klífa fjall til stuðnings börnum

Guðrún Björt Yngvadóttir

Fyrirverandi Alþjóðaforseti Lions
Varaform. Alþjóðahjálparsjóðsins



Börn í vanda

Börn hafa alltaf snert hjörtu Lionsfélaga, sérstaklega þau börn sem búa við mikla neyð, eins og börn í Afríku. Við getum sýnt hug okkar í verki og gefið gjöf sem bjargar mannlífum, breytir lífi margra barna og fjölskyldum þeirra margfalt til hins betra.

„Kili for Kids“

Verkefni sem kallað er „Kili for Kids“ er mjög sérstakt og framkvæmdin á sér enga fyrirmynd.

Tíu konur ákváðu að safna 100.000 dollurum til að styðja börn í neyð, til heiðurs fyrstu konu sem varð alþjóðaforseti Lions, Guðrúnu Björt. Hún var líka fyrsti Íslendingurinn sem gegnir þessu embætti. Konurnar 10 eru frá 10 löndum og þekktust lítið fyrir, en hafa sömu hugsjón. Þær eru frá Ítalíu, Englandi, Danmörku, Rússlandi, Póllandi, Kenía, Rúmeníu, Nepal, Sameinuðu arabísku furstadæmunum og Sviss.

Til að safna þessu fé klifu þær Kilimanjaro sem er 5.895 metrar, hæsta fjall Afríku.

Féð sem safnast verður notað óskipt fyrir börnin í Amrita Center í bænum Athi River Kenía.



Að gefa framtíð

Konur 10 sem klifu Kilimanjaro ákváðu strax að verkefnið yrði til stuðnings fátækum börnum í Afríku. Þær vildu gefa fleiri börnum tækifæri til byggja upp betri framtíð, með því að geta sótt skóla og fengið að borða. Þegar þær kynntust Amrita Center í Kenía vissu þær nákvæmlega hvað þær vildu styrkja og hvað þær voru tilbúnar til að berjast fyrir. Kili of Kids verkefnið er unnið í samstarfi við klúbb á svæðinu, Lionsklúbbinn Nairobi Phoenix.

LCIF verkefni

LCIF er bakhjarl verkefnisins og þeir sem styðja þetta frábæra framtak með framlagi til LCIF geta notað það til að safna upp í Melvin Jones tilnefningu. Nokkur myndbönd voru gerð til að kynna verkefnið og hvernig konurnar stóðu að fjáröfluninni. Endilega kíkið á myndböndin á Facebook-síðu LCIF, meðal annars þetta: <https://www.facebook.com/LCIFLions/videos/202093958184353/>

Langleiðina

Konurnar komust á toppinn á Kilimanjaro og eru komnar langleiðina í að ná dollaramarkmiðinu. Þær eru búnar að safna 75.000 dollurum, en vantar enn 25.000 dollara. Mig langar svo til a biðja ykkur, íslensku Lionsfélagar, að styðja þetta merkilega fjáröflunaráttak, svo markmiðið náist.



Bara að merkja

Þeir sem hvort sem er styðja LCIF, með ákveðinni upphæð árlega, þurfa ekki að gera annað þetta árið, en að merkja framlagið „Kili for Kids“ Kristinn Hannesson er tilbúin til að aðstoða við að fylla út eyðublaðið og veita upplýsingar. Það er líka hægt að borga beint á vefsíðu LCIF: www.lionsclubs.org/kiliforkids

Styðjum hugrekkið

Mig langar svo innilega til að þessar hugrökku konur nái markmiðinu og að þessu mikilvæga verkefni ljúki með glæsibrag. Þess vegna bið ég ykkur um aðstoð við að brúa bilið. Það snýst bara um svipað framlag til LCIF og venjulega, en merkja það núna „Kili for Kids“.



Nánar um Amrita Center

Amrita Center Kenía er heimili og skóli fyrir munaðarlaus börn, og börn einstæðra foreldra í bænum Athi River, í nágrenni Nairobi, Kenía. Amrita Center býður upp á ókeypis skólagöngu og þrjár máltíðir á dag fyrir börnin. Það veitir einnig heilbrigðisþjónustu fyrir börn í samfélaginu. 200 nemendur eru í skólanum; 20% þeirra eru munaðarlaus. Aðrir nemendurnir eru börn einstæðra foreldra, oftast einstæðra mæðra.



Í viðjum fátæktar

Flestir foreldrar barnanna vinna í námum og þéna minna en dollara á dag, langt undir fátæktarmörkum, svo það er virkilega erfitt fyrir þá að sjá fjölskyldum sínum fyrir nauðsynjum, fæði, klæði og húsnæði. Skóli er ekki ókeypis í Kenía.



Lokamarkmið

Með aðstoð „Kili for Kids“ mun Amrita Center, geta veitt starfsþjálfun, sem gerir nemendur hæfari til að fá störfum víðar en í námum. Með viðbót við leikskólann getur Amrita Center stutt við 120 af yngstu og viðkvæmstu fjölskyldur samfélagsins. Að börn geti verið í skóla gerir foreldrum kleift að vinna til að framfleyta fjölskyldum sínum. Lokamarkmiðið er að rjúfa hringrás fátæktar milli kynslóða.



MARKMIÐ Kili for Kids:

Að byggja upp

- 4 nýjar kennslustofur
- nauðsynlega aðstöðu fyrir starfsfólk
- salerni fyrir skólann

Þær hvöttu hvor aðra: „Þú getur það, taktu eitt skref enn. Ekki gefast upp.“

Þær hvöttu sjálfa sig áfram: „Ég get gert það. Ég er sterk. Ég gaf loforð.“

Innblástur

Hugmyndin að verkefninu fæddist þegar fyrsta konan var kjörin varaforseti Lions (2016).

Ein kona ræddi við aðra og smám saman myndaðist 10 kvenna hópur, sem vildi gera eitthvað óvenjulegt, sýna hugrekki og hugkvæmni. Þær vildu vekja athygli á framlagi kvenna í Lions og hvetja aðra Lionsfélaga til að nálgast verkefnið með skapandi hugsun, af einbeitni og umhyggju. Þessa vegna ákváðu þær að nýta reynslu sína í fjallamennsku og klífa Kilimanjaro til að safna framlögum fyrir

mikilvægt mannúðarverkefni. Fjallgangan varð að veruleika, þegar fyrsta konan varð forseti, eða í ágúst 2018. Síðan hafa þær verið að vekja athygli á verkefninu og safna fé. Það tafðist vegna COVID, eins og svo margt annað, en nú er lokaáfanginn hafinn, aðeins efsti tindurinn eftir.

Hjálpum þeim að komast á toppinn, og láta börnin í Amrita Center, njóta afrakstsursins.

Guðrún Björt Yngvadóttir



**Lions Clubs International
FOUNDATION**



We Serve

Frá Lionsklúbb Seltjarnanes

Föstudaginn 26. nóvember síðastliðinn afhenti Lionsklúbbur Seltjarnanes Dvala og Hjúkrunarheimilinu Grund í Reykjavík gjafabréf fyrir loftdýnur. Loftdýnur koma að góðum notum við allt að 10% heimilismanna á Grund og varna myndun legusára á líkamanum, séstaklega hjá öldruðum grönnum sjúklingum, sem geta lítið hreyft sig sjálf. Þær hafa þegar verið teknar í notkun að sögn Guðbjargar skrifstofustjóra forstjóra Grundar.

Á myndinn eru Guðbjörg R. Guðmundsdóttir á skrifstofu forstjóra Grundar að taka við gjafabréfinu frá lionsfélögum Braga Ólafssyni, Gunnari Hans Pálssyni og Sigurði Hal.



*Kveðja
Jón Páll Ásgeirsson Lionsklúbb Seltjarnanes*

Fræðsla og þekking eru dýrmætir bitar

Kristófer Tómasson

Vara fjölumdamisstjóri



Varla finnst sú starfsemi sem ekki krefst menntunar af einhverju tagi. Að sama skapi er varla til sá einstaklingur sem ekki býr að einhverri þekkingu. Ef til er sá sem heldur því fram að hann hafi enga þekkingu þá eru miklar líkur á að hann hafi ekki tekið eftir því sem í honum býr.

Þekking leiðir oftast gott af sér, eflingu aukin lífsgæði þess sem þekkingarinnar nýtur. Ýmist gagnast þekking til lengri eða skemmri tíma. Í stærri og smærri hópum. Ef þekkingar er ekki aflað og henni ekki viðhaldið og þess ekki gætt að miðla milli þeirra sem hennar þarfnast, þá myndast brestir sem geta haft afleiðingar. Lionshreyfingin og meðlimir hennar eru engin undantekning hvað menntun og þekkingu varðar.

Sem kunnugt er, þá er stóra breytingin á allra síðustu árum við miðlun fræðslunnar, bættir möguleikar á að nýta alheimsnetið. Æ fleiri tileinka sér það og hefur Covid líkast til flýtt fyrir þeirri þróun.

Það er mikill sjóður til í formi fræðsluefnis

sem lionshreyfingin hefur á að skipa. Það er okkar hlutverk sem skipum fræðslu- og leiðtogateymi lions að miðla því efni. Teymið er skipað af Halldóri Kristjánssyni frá fjölumdaminu, Önnu Sigríði Halldórsdóttur frá B umdæmi og undirrituðum úr A umdæmi.

Fræðslunni má skipta í nokkra flokka.

Almenn námskeið. Þau taka ekki nema eitt til tvö kvöld. Þau eru vel til þess fallin að kenna á einum klúbbfundum. Þau henta ýmist fólki sem er nýlega gengið til liðs við lionshreyfinguna, eða er búíð að starfa lengi innan hennar. Sum þeirra námskeiða snúa að lionsstarfinu. Flest þeirra gagnast vel í okkar daglegu viðfangs-efnum. Þar má nefna ýmsar stjórnunaraðferðir, tímastjórnun, markmiðasetningu, skapandi hugsun, virk hlustun, fundarstjórnun og ekki síst fundarsköp. Dæmi um námskeið sem eru sniðin að lionsstarfinu eru síðameistara-námskeið og allt um lions.

Stjórndendaskólinn. Námskeið fyrir verðandi stjórnir klúbba, þau eru haldin á lionsþingum og núorðið á netinu. Þá er átt við Formanna, ritara, gjaldkera og svæðisstjórnaskóla. Möguleiki er fyrir þá sem ekki komast á þingin að sitja slík upprifjunarnámskeið að hausti. Námskeið fyrir varaumdamisstjóra er einnig í þessum flokki, ásamt námi erlendis.

Leiðtogaskóli. (Rlli) Það er þriggja daga námskeið sem margir þekkja. Það hefur verið í boði um langt skeið og hefur verið hefð að halda það um helgi, seinni hluta vetrar. Það tekur þrjú daga. Þessi námskeið hafa notið mikilla vinsælda og getur undirritaður staðfest af eigin raun að þar fer fram mikil og fjölbreytt fræðsla. Þess ber að geta að sum stéttarfélög taka þátt í kostnaði. Mörg dæmi staðfesta að greina megi eflingu í starfi klúbba sem hafa sent meðlimi sína á þessi námskeið. Auk þess er í boðið námskeið sem heitir: Verðandi leiðtogar (EIII) Er það fyrir aðra embættismenn hreyfingarinnar.

Án þess að gert sé á neinn hátt lítið úr starfi lionsklúbba á Íslandi yfir höfuð, þá er það sannfæring þess sem þetta ritar að vandfundið sé það námskeið sem ekki hlýst af einhver ávinningur. Sé um að ræða námskeið sem tekið er af heilum klúbba á einni kvöldstund, þá kalla þau námskeið sem í boði eru hjá lions gjarnan á vangaveltur, skoðanaskipti og spurningar. Þó að þátttakendur séu ekki sammála því sem boðað er á námskeiðinu, má það vera slægt ef ekki standa eftir spurningar. Hins vegar eru þau námskeið sem haldin eru á víðari grundvelli, það er að segja félögum úr nokkrum klúbbum, með þann kost að þar hittist fólk og víðrar sínar vangaveltur og ber gjarnan saman klúbbana sína, óháð efni námskeiðs. Meðlimir fræðsluteymisins hafa mikinn vilja til að bregða undir sig betri fætinum á þessu starfsári og mæta með fræðslu í klúbbana, eða miðla þeim með fjarfundabúnaði. Sérstaklega er bent á að svæðisfundir eru kjörinn vettvangur fyrir fræðslu af einhverju tagi.

Segja má að hin hliðin á áður nefndu fræðslu- og leiðtogateymi sé að hafa augun opin fyrir nýjum leiðtogum innan lionshreyfingarinnar og aðstoða og veita ráð við slíka leit. Af miklum mannaúð er að taka í þessum hópi, þeir sem mest erindi eiga í embættin er ef til vill ekki alltaf þeir sem bera sig eftir því. Það er mikilvægt að hvetja og virkja þá sem sækjast eftir embættum. Ekki síður að leggja kapp á að það sé ávallt eftirsóknarvert að gegna embættum. Líklega er fleiri en undirritaður á þeirri skoðun að eftir því sem skemmtilegra sem starfið er í klúbbunum, þeim mun áhugaverðara er að gegna embættum.

Með góðum óskum um farsælt starfsár.
Kristófer Tómasson Lkl Geysi.



Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar. Íslenski Hjálparsjóður Lions

Stjórn sjóðsins óskar lionsfélögum og velunnurum um land allt Gleðilegra jóla og farsælt komandi ár og þakkar kærlega fyrir stuðninginn.

Fyrir hönd stjórnar
Hörður Sigurjónsson PCC
Laufey Jóhannsdóttir PCC
Björn Guðmundsson PCC



Leiðtogaskóli Lions 2022 – Fyrir þig!

Viltu verða sterkari einstaklingur og leiðtogi?

„Nauðsynlegt er fyrir alla að virkja leiðtogann í sér. Leiðtogar eru ekki endilega stjórnendur, en leiðtogar spyrja spurninga og taka engu sem gefnum hlut.“

Lee Warren kennari við Harvard háskóla í Bandaríkjunum



Leiðtogaskóli Lions 2022

Tími: 18.-20. febrúar 2022, þriggja daga helgi

Staður: Lionsheimilið

Verð: Þátttökugjald er 15.000 krónur. Innifalið er kennsla, námsgögn, matur og kaffi auk viðurkenningarskírteinis að námi loknu. Innifalinn er kvöldverður á laugardeginum fyrir þátttakendur (makar velkomnir á kostnaðarverði).

Mörg stéttarfélög endurgreiða hluta þátttökugjalds eða allt.

Umsóknarfrestur til 11. febrúar 2022

Umsóknum svarað ekki seinna en 14. febrúar 2022

Þátttakendur: Allir Lionsfélagar geta sótt um, bæði ungir og óreyndir félagar sem og reyndir stjórnendur klúbba og hreyfingarinnar. [Námskeiðið hentar sérstaklega vel viðtakandi klúbbstjórnunum](#). Námið er mjög mjög þroskandi og eflir þig sem einstakling og starfsmann. Hámarksfjöldi er 30 manns.

Marmið: Markmiðið er að þjálfa leiðtoga, byggja upp félagana og styrkja klúbbstarfið.

Efni: Kennt er íslenskað efni sem Lions Clubs International hefur útbúið fyrir leiðtogapjálfun (Leadership Development) fyrir Leiðtogaskólann (Regional Lions Leadership Institute). Námsefni og kennsla er á íslensku. M.a. verður kennt: Stjórnunarstílar og leiðtogahæfileikar. Fjölbreytileikinn og skapandi hugsun. Samskiptafærni og virk hlustun. Að virkja og hvetja. Hópstarf, samvinna, að byggja upp teymi. Markmiðasetning og áætlanagerð. Að taka ákvarðanir og deila út verkefnum. Að leysa ágreining og stjórna deilum. Stjórnun breytinga. Að halda góða fundi. Ræðuflutningur. Bakland Lions.

Nánari upplýsingar og skráning á Lionsskrifstofunni, sími 561 3122, netfang lions@lions.is, eða hjá Halldóri Kristjánssyni GLT stjóra, sími: 520 9000, netfang: halldor@tv.is
Umsókn með nafni, kennitölu, netfangi, símanúmeri og klúbbheiti má senda á þessi netföng.

Ertu stjórnandi gærdagsins?


**Viltu ná árangri? ... vera í fararbroddi í samfélaginu?
Gerðu eitthvað í málunum – vertu öflugt tannhjól í gangverkinu.**

Lionsklúbburinn Rán

Skvísurnar í Lionsklúbbnum Rán störtuðu starfsárinu sínu með því að bjóða mökunum sínum í skemmtilega haustferð í Borgarfjörðinn og var það samdóma álit að þetta væri frábær aðferð til að þjappa hópnum saman fyrir komandi vetur.

Mætingin var frábær og voru flestar mættar á föstudeginu á hótél Varmaland. Formleg dagskrá hófst kl. 12:00 á laugardeginum með félagsfundi og eftir hann fór hópurinn upp í rútu og rúnað var um Borgarfjörðinn með skemmtilegum stoppum á vel völdum stöðum. Enduðum við daginn á þriggja rétta máltíð og skemmtikvöldi á hótélínu.

Ránarkonur héldu líka árlegan samfund Lionskvenna á Nesinu í október sem var vel sóttur eftir 2ja ára hlé út af dotlu. Eftir að konur höfðu gætt sér á dýrindis máltíð sagði hver klúbbur frá sínu starfi og mætti svo með eitt skemmtiatriði, frábært kvöld í góðra vina hóp.





Lionsklúbburinn Embla

Þá er nú árið 2021 senn á enda og annað árið í röð sem er svolítið skrítið og margt sem ekki var hægt að gera út af ástandinu, en svona er þetta og nú vonum við og trúum að þetta fara að láta undan. Við höfum notað okkur tæknina og haldið netfundi sem hafa tekist vel, þetta er ótrúleg tækni. Við gátum haldið lokafund starfsársins og fórum eftir hann í heimsókn til Auðar Ottesen, garðyrkjukonu og ritstjóra Sumarhússins og garðsins og eiginmanns hennar Páls Jökuls, ljósmyndara. Þangað var gaman að koma, skoða þeirra fallega hús, garð og allt sem því fylgir. Þau tóku vel á móti okkur með góðum veitingum og margskonar fæðslu, mjög fróðlegt og skemmtilegt. Það fóru nokkrar Emblur á Svæðisfund 109A sem haldinn var á Hestakránni í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þetta var góður fundur og allar komu ánægðar heim.

Líka fóru nokkrar Emblur á Málþing kvenna í Lions sem haldið var í haust í Sandgerði. Ein úr okkar klúbbi hún Sigurbjörg Hermundsdóttir, setti saman skemmtilega samantekt af þinginu sem ég læt fylgja hér með og er góð hvatting til okkar lionsfólks.

„Loksins loksins Emblur lagðar af stað í langferðabil“.

Laugardaginn 23. október, lögðu átta Emblur af stað frá leikhúsi með langferðabil og örugnum bílstjóra Ólafi Sigurðssyni hennar Kristínar Björnsdóttur en hann hafði boðist til að semja við G. Tyrfinngs. um bíl án bílstjóra. Hafi hann okkar bestu þakkar fyrir. Brunuðum í Hveragerði þar beið okkar ein Embla og fjórar Eden konur, síðan var ferðinni heitið í Samkomuhúsið í Sandgerði á **Málþing kvenna í Lions. Segðu já!** var yfirskrift þingsins. Þingstjóri Geirprúður Bogadóttir tók á móti gestum.

Þing hófst kl 10:00 með ávarpi Þóru Bjarneyjar umdæmisstjóra 109A auk ávarpi forseta bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar.

Aðalræðumaður Guðrún Björt Yngvadóttir flutti áhugaverða ræðu og brýndi fyrir okkur að „**Segja já**“ við beiðni um þátttöku í hinum ýmsu verkefnum svo sem stjórn og nefndum eða því sem til fellur hverju sinni. Það styrki okkur og efla að stíga örlítið útfyrir þægindarammann. Hún lýsti fyrir okkur hvernig hennar persónulega reynsla var. Hún vildi vera þægilegur félagi en láta aðra um að stjórna í sínum klúbb. Svo kom að því, hún áráddi að **segja já** við mikilvægu verkefni sem henni var falið. Þá fór boltinn að rúlla (og hefur ekki stoppað síðan) hvað leiddi af öðru að glæsilegum ferli í Lions. Nú stendur þessi flotta kona hokin af reynslu. Búin að feta sig áfram að því stórkostlega þrekvirki að gegna embætti alþjóðaforseta Lions fyrst kvenna í heiminum. 23 fulltrúar frá ýmsum klúbbum kynntu sig sögðu stuttlega frá því helsta.

Kristín Þorfinns. okkar kynnti okkur Emblur tókum við Emblusöng til gamans. Fínar veitingar kaffi meðlæti súpa og brauð í hádegi.

Flottir nemendur frá Tónlistaskóla Suðurnesjabæjar skemmtu okkur milli atriða. Fjórar konur voru heiðraðar fyrir mikilvæg stöf í Lions.

Lokaorð frá Önnu Blöndal umdæmisstjóra 109B Akureyri.“

Þetta var skemmtilegt þing að allra mati og góð hvatting frá Guðrúnu Björtu, þessari mögnuðu konu okkar.

Á fyrsta fundi haustsins fórum við að skoða nýja íþróttahúsið okkar hér á Selfossi, sem er enn ekki búið að gefa nafn, og þar tók á móti okkur Helgi Haraldsson, forseti bæjarstjórnar Árborgar og fræddi okkur um þetta stórkostlega hús. Skemmtilegur fundur. Gátum haldið einn góðan fund áður en allt lokaðist aftur og var gaman og geta hist og notið góðrar samveru, allar nutum við þess. Á þennan fund kom Klara Öfjörð, forstöðukona Auðlindarinnar, að þakka fyrir þrívíddarprentar sem við færðum þeim að gjöf fyrir á árinu. Auðlindin er stofnun fyrir fólk sem er án vinnu og er að koma sér af stað út í atvinnulífið aftur. Svona prentari er mikið undrataeki og kemur sér vel í þessari starfsemi.




Emblu fjárfundur, Kristín A., Dagrún, Margrét J., Unnur, Ingibjörg og Margrét K.



Lokafundur starfsársins í júní 2021, Emblu konur hugsu.




Heimsókn til Auðar Ottesen og Péturs Jökuls.



Kristín Þorfinnsdóttir tekur við viðurkenningu frá alþjóðaforseta og erum við stoltar af okkar konu.



Rabbarbara skurður, Guðrún G., Súsanna B. og Hjördís S.



Fyrsti fundur haustsins, Puriður P. Sonja Eyfjörð, formaður og Guðrún G.



Emblukonur á Svæðisfundum 109A, í Hestakrámmi, Ingibjörg S. Kristín P. Kristín B., Sigurbjörg H. og Ummur J.



Málþing kvenna í Lions, haldið í Sandgerði, hressar Emblur að leggja af stað.



Kaffihlé á þinginu, Sigurbjörg H., Ragnheiður Á., Kristín B., Guðrún V., Þórunn I. og Ummur J.



Mýnd frá málþinginu.

Nú í haust höfum við verið að styrkja aðila eins og undanfarin ár, Sjóðinn góða, Krabbameinsfélag Árnassýslu og einnig fjölskyldur ofl. Við þurftum að slá af bæði Konukvöldið okkar sem við höldum í nóvember ár hvert og eins jólakorta sölu, þannig að allt er þetta svolítið með öðrum hætti en vanalega og þar af leiðandi ekki eins miklar úthlutanir eins og verið hefur. Söknum mikið að hafa ekki getað haldið diskótek fyrir okkar fötluðu skjólsæðinga, en það er mannbætandi að vera með og gleðja þetta fólk og hlökkum til að geta tekið upp þráðinn aftur þegar hægt verður.

Við erum ánægðar með það sem var þó hægt að gera, og horfum bjartsýnar til komandi árs. Sendum velunnurum okkar og öllu lions fólki nær og fjær okkar bestu jóla og nýárs kveðjur, með von um gott og farsælt komandi ár.

Lions jólakveðjur frá Selfossi.

Guðrún Guðnadóttir, blaðaftr. Lkl. Emblu.






Emblu konur skoða nýja íþróttahúsið á Selfoss og Helgi Haraldsson, forseti bæjarstjórnar sýndi okkur húsið.




Við afhendingu þrívíddarprentara til Auðlindarinnar, Björg J., Þórdís S, Klara Öfjörð, forstöðukona og María H.

**NÝIR MODEL KLÚBBAR Hafa FREST
TIL 30. JÚNÍ 2025 TIL AÐ LJÚKA GREIÐSLUM.**

Desember – myndasíða





Desember – myndasíða





Lionsklúbbur Laugardals



Laugardaginn 27. nóvember stóð Lionsklúbbur Laugardals fyrir sölu á flotkertum og kertafleytingu á Laugarvatni. Veður var stillt og gott og var góð mæting og sala. Jólaög voru spiluð og skapaðist falleg og notaleg kyrrðarstund. Nokkrir félagar úr klúbbnum gengu síðan eftir vatninu daginn eftir og fjarlægðu tómu kertabakkana.

Ljósmyndir: Vilberg Tryggvason og Tómas Grétar Gunnarsson. Upplýsinga- og kynningarnefnd Lkl. Laugardals.





Kæru Lionsfélagar,

Við bjóðum ykkur að taka þá í 8. Lions alþjóða- og Evrópumótinu í golfi, 28. febrúar til 5 mars 2022 í Andalúciu á Spáni. Eftir tvö erfið ár hlakkar okkur til að halda þetta mót aftur. Heiðursgestur okkar á mótinu er fyrrverandi alþjóðaforseti Lions og yfirmaður LCIF IPIP Jung-Yui Choi svo endilega komið á mótið og njótið þess að spila golf með honum og öðrum lionsfélögum.

Þú og aðrir lionsfélagar frá öllum heiminum mundið keppa í móti sem er til styrktar Alþjóðahjálparsjóðs Lions (LCIF). Andalucía er paradís fyrir golf aðdáendur með meira en 100 golfvelli og frábært veður, sól og hlýtt allt árið um kring. Barcelo Costa Ballena Golf & Spa er við hliðina á Jerez de la Frontera sem er ein af fallegustu og sögufrægustu borgum Spánar sem er umlukkin frábærum golfvöllum og er einnig nálægt Seville.



Þeir sem vilja bóka snemma fá afslátt á þáttökugjöldum (early bird booking) og er þessi leið opin til 31. desember 2021. Vertu örugg/ur að fá þáttökurétt og sparaðu með að bóka snemma!

Ef þig vantar meiri upplýsingar um mótið endilega heimsæktu www.lionsgolf.info (vefsíðan er aðeins á ensku). Allur ágóði rennur til LCIF.

Við hlökkum til að sjá þig á suður Spáni þar sem sólin ræður ríkjum.

Með bestu kveðjum,

The Lions Golf Organizational Team
Director of Tournament: Dr. Volker Bernhardt
Public Relations: Angelika Eisinger
LCIF Coordinator: Luis Domínguez (Past International Director 2009/11)

Skreyttu jólatré við Hrafnistuheimilin í Reykjanesbæ

Sjö félagar úr Lionsklúbbi Njarðvíkur reistu og skreyttu jólatré við dvalarheimili Hrafnistu í Reykjanesbæ, annars vegar við Nesvelli í Njarðvík og hins vegar Hlévang í Keflavík, á laugardag fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Eftir veruna í geymslu frá síðustu jólum þurfti að yfirfara og lagfæra ljósaseríurnar. En eftir að greitt var úr flækjunni og skipt um nokkrar ljósaperur virkaði allt sem skyldi, þannig að trén voru skreytt og falleg tilúin að lýsa upp skammdegið.

Félagar úr Lionsklúbbi Njarðvíkur hafa sinnt þessu verkefni undanfarin ár og farin að myndast hefð fyrir því. Þannig að gert er ráð fyrir því að festa verkefnið formlega í sessi í starfsemi klúbbsins frá og með næsta starfsári svo að hefðin lifi áfram. Vegna veirunnar hefur klúbburinn ekki geta sinnt spilakvöldi með öldruðum, eins og gert hefur verið í áratugi, og því er gaman að geta glatt heimilismenn með þessum hætti í staðinn.



Minning †

Jóhanna Fanney Jóhannesdóttir



Fædd 17. júní 1942
Dáin 6. nóvember 2021

Far þú í friði,
friður Guðs þig blessi,
hafðu þökk fyrir allt og allt.
Gekkst þú með Guði,
guð þér nú fylgi
hans dýrðarhnoss þú hljóta skalt.
(V. Br.)

Þegar sest er niður til að skrifa þakkar og minningarorð til Jóhönnu okkar, kemur fyrst í hugann þakklæti fyrir að hafa fengið hana meðal okkar. Þakklæti fyrir veru hennar í Lionsklúbbum Sunnu. Hún var stofnandi í klúbbum og var í honum alla tíð síðan. Við viljum þakka henni fyrir alla gleðina og jákvæðina. Þakklæti fyrir að vera alltaf til staðar ef til hennar var leitað

Sendum aðstendendum Jóhönnu Fanneyjar okkar innilegar samúðarkveðjur og endum hér á texta Sunnusöngs sem er sunginn í upphafi hvers fundar sem loka orð til Jóhönnu.

Sunnusöngur:
Nú komum við systur hér saman á fund með sólskin og djörfung í hug.
Við ætlum að eiga hér ágæta stund og andrikið hefja á flug.
Sýnum samtaka mátt berum höfuðið hátt, horfum djarfur á framtíðarbraut.
Eflum frelsi og frið, veitum líðendum lið og líknum í sérhverri þraut.
(Halldór Jóhannesson)

Sunnusystur
Hólmfríður Guðrún Skúladóttir formaður Sunnu Dalvík

Lionsklúbbur Njarðvíkur

Starfið komið á fullt hjá Lionsklúbbi Njarðvíkur



Starfið í Lionsklúbbi Njarðvíkur er komið á fullt eftir „smávægilega“ COVID-röskun á því undan á síðasta starfsári. Það sem af er starfsárinu hafa verið haldnir sjö fundir sem allir hafa verið nokkuð vel sóttir, með 25 til rúmlega 30 félaga og að jafnaði einn til tveir gestir á hverjum fundi. Við höfum fengið tvo fyrirlesara: Annars vegar Ingvar Eyfjörð sem kynnti fyrir okkur þróunarverkefnið Aðaltorg í Reykjanesbæ, sem nýtt Courtyard by Marriott hótél er hluti af, og hins vegar Anna Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri hjá Isavia sem sagði okkur frá

hvernig gengi að endurræsa alþjóðaflugvöll eftir algjört stopp vegna faraldursins. Einnig fengum við Kristinn Hannesson LCIF-stjóra til að kynna fyrir okkur starfsemi alþjóðahjálpasjóðsins.

Þá fórum við í fyrirtækjakynningu til Húsasmiðjunnar og Smass, sem opnaði nýlega hamborgarastað í Njarðvík, og héldum á dögnum lágstemmdan jólafund með glæsilegu jólahlaðborði. Ef aðstæður leyfa höldum við glæsilegt þorrablot eftir áramót og stefnum á að fara erlendis á lokafundinum okkar í vor.



Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.

Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.

Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

Lionsklúbbur Ólafsvíkur og Lionsklúbburinn Rán

Lionsklúbburinn Rán og Lionsklúbbur Ólafsvíkur afhentu Grunnskóla Snæfellsbæjar Hreiðurrólu frá fyrirtækinu Krumma.is í síðustu viku. Búið var að setja róluna upp sem staðsett er á starfsstöð skólans í Ólafsvík voru nemendur skólans að sjálfsgöðu búnir að prófa hana. Hefur hún vakið lukku og er góð viðbót við þau leiktæki sem fyrir eru á skólalóðinni. Á myndinni eru þau Hilmar Már Arason skólastjóri, Sigrún Ólafsdóttir og Lára Hallveig Lárusdóttir frá Lionsklúbbnum Rán og Þröstur Albertsson frá Lionsklúbb Ólafsvíkur með róluna góðu á milli sín.



Lionsklúbbur Selfoss

Umhverfisverkefni



Umhverfisverkefni Lionsklúbbs Selfoss hafa verið af ýmsum toga gegnum árin, bæði stór og smá. Eitt af stærstu verkefnum klúbbsins ár hvert er umhriða, uppgræðsla og uppbygging Ljónaflatarinnar í Hellisskógi en flötin hefur verið í umsjá Lionsklúbbs Selfoss í rúmlega 55 ár. Þar hefur tekist að koma upp skemmtilegu útivistarsvæði sem er bæði bæjarbúum og almenningi aðgengilegt. Þar er búið að koma fyrir borði og bekkjum allt smíðað úr íslenskum við. Fyrir nokkrum árum settu Lionsfélagar upp myndarlega fánastöng þar sem fáni Lions blaktir

við hún. Klúbburinn fékk höfðlinglega gjöf þetta starfsárið en það var stór og fallegur stuðlabergsdrangur sem gefinn var af Ágústi Mortens, félagi í Lionsklúbbi Selfoss, til minningar um Sigurð Guðmundsson fyrrverandi Lionsfélaga. Stöpull þessi mun þjóna hlutverki ræðupúlts og var honum komið fyrir og vígður á fyrsta fundi Lionsklúbbsins nú í haust á Ljónaflötinni. Kunnum við Ágústi Mortens bestu þakkir fyrir þessa frábæru gjöf.

Annað umhverfisverkefni sem klúbburinn tók þátt í var trjágræðingaplöntun í Þorláksskógi sem er rétt vestan við Þorlákshöfn. Þar er skógræktin að hefja uppgræðslu lands sem verður í framtíðinni stór og mikill birkiskógur en þar er í dag mikil sandauðn.

Þar er skógræktin að hefja uppgræðslu lands sem verður í framtíðinni stór og mikill birkiskógur en þar er í dag mikil sandauðn.



Lionsklúbburinn Úa

Með hátíðarkveðju

Haustið og veturinn hafa farið vel af stað hjá okkur í Lionsklúbbum Úa í Mosfellsbæ. Við höfum getað haldið okkar mánaðarlegu fundi í raunheimi fyrsta mánudag í mánuði og hefur það glatt okkur mjög. Anna F. Blöndal umdæmissgjafi 109b hefur heimsótti okkur. Við höldum „Pálínuboð“ og fengum Ástrósu Sverrisdóttur hjúkrunarfræðing með diplóma í jákvæðri sálfræði með fyrirlestur sem hún nefndi „Dansaðu meðan þú getur dansað“.

Verkefni

Við höfum til fjölda ára aðstoðað við jólahlaðborð á Eirhömrum í Mosfellsbæ sem er íbúakjarni fyrir aldraða og ekki var brugðið út af vananum þetta árið þar sem nokkrar Úur þjónuðu glöðum íbúum þann 20. nóvember og er þetta eitt af skemmtilegri samfélagsverkefnum sem klúbburinn vinnur.

Ef sóttvarnir leyfa ætla Úur þann 4. desember ásamt Lionsklúbbi Mosfellsbæjar, að heimsækja Eirhamra og hjúkrunarheimilið Hamra og syngja jólalög, kannski láta jólasveinar sjá sig.

Gaman saman

Nú á aðventunni hefur Mosfellsbær klæðst fallegum jólaljósum og í ljósaskiptunum fær hann ævintýrlegan blæ. Úur fóru á kreik 23. nóvember hver með sinn kakóbrúsa og bolla, gengu um bæinn og upplifðu fegurðina.

Jólafragnaður

10. desember er stofndagur okkar Úanna og verðum við 14 ára í ár. Þann dag stefnum við að sameiginlegum jólafragnum með móðurklúbbi okkar þ.e. Lionsklúbbi Mosfellsbæjar ásamt mökum, þar sem söngur og jólastemning mun ríkja.

Fjáröflun

Nú fyrir jólin erum við með fjáraflanir fyrir styrktarsjóðinn okkar þ.e. vistvænar jólaskreytingar á leiði, allt í þágu náttúrunnar. Glös „Fjölskyldan mín“ eftir Ingibjörgu Hönnu Bjarnadóttur og Dagnýju Kristjánsdóttur og „Tálgið hans afa“ eftir Magnús Steingrímsson. Áhugasamir geta nálgast þessa hluti á facebook síðu klúbbsins.

Við Úukonur horfum björtum augum til framtíðar og óskum ykkur gleðilegrar jólahátíðar.

Fyrir hönd Lkl. Úu
Sonja Ingibjörg Einarsdóttir



Upplýstur garður fyrir neðan Hlégarð. Fjáröflunarnefndin að útbúa vistvænar leiðisgreinar fyrir jólin.



Úur frá v. Bryndís Jóhannsdóttir, Signý Sæmundsdóttir, Sólveig Garðarsdóttir, Sigríður Guðmundsdóttir og Dagný Finnsdóttir, ásamt Valgerði Magnúsdóttur fyrrum forstöðukonu Eirhamra sem hefur stadið fyrir þessari samkomu til fjölda ára og gerir enn þó hún sé hætt að vinna.



Nokkrir félagar úr Karlakór Kjalnesinga sungu jólalög við góðar undirtektir íbúa.



Jólapakkaleikur. Hver íbúi kom með pakka sem dregið var síðan um og deilt. Signý Úa aðstoðar.



Úurnar Bryndís og Sólveig.



Kakóbolli á torginu í Mosfellsbæ.



Leiðisgreinar útbúar: Frá vinstri Ida Fenger, A. Erna Gústafsdóttir, Bryndís Jóhannsdóttir, Sonja Einarsdóttir og Signý Sigtryggisdóttir.

Heimsókn Douglas Alþjóðaforseta til Íslands



Douglas

IP Douglas X Alexander kom til Íslandi Heimsókn 15.-18 nóvember.

Vel tekið á móti IP Douglas í Leifstöð af félögum úr, Lkl. Freyju, Garði og Njarðvík.



COVID

Douglas kom til Íslands daginn sem Ísland varð dökkrautt á COVID-kortinu. Hann kom frá Svíþjóð og fór síðan heim til New York. Við vissum við undirbúning heimsóknarinnar að allra veðra var von og var undirbúningsnefndin stöðugt að aðlaga dagskrána að breyttum aðstæðum, til að uppfylla reglur Almannafráttanna.



Félagamál

Alþjóðaforseti vill hitta sem flesta Lionsfélaga, til að fræða og hvetja. Einnig vill hann ná að setjast miður með forystu GAT-teymisins, þ.e. stjórnendum í félagamálum, leiðtogaþjálfun og verkefnum.

Fyrsta kvöldið var helgað GMT og fór Douglas vel yfir félagamálin með félagafulltrúum umdæmanna.



Íslandskynning

Við sýnum erlendum gestum það sem Ísland hefur upp á að bjóða, eitthvað sem stendur upp úr, og er jafnvel á heimsmælikvarða. Íslandskynningin var þetta skipið neðanjarðar, ef svo má segja, við byrjuðum á að kynna jarðvarmann.



Við heimsóttum **Hellisheiðarvirkjun** og CarbFix, undir faglegri stjórn Jóns Pálmasonar.

Við erum stolt af framlagi Íslands til loftslagsmála og þar með talið verkefni sem Lions sinnir í þágu náttúrunnar.




Sigmar og Lions í Eyjum

Síðar sama dag kynntum við forsetanum Lionsverkefni, sem er líka á heimsmælikvarða. Lionsklúbbur Vestmannaeyja vann kraftaverk, við að fjármagna risastórt verkefni á örstuttum tíma og fá jafnstóran styrk frá LCIF, sem var stærsti styrkur LCIF á árinu. Þetta sýnir stórhug og kjark klúbbsins og þetta sýnir traust Eyjamanna til Lionsklúbbsins. Og síðast en ekki síst, vandaðan undirbúning og góða áætlun, sem bæði LCIF og heilbrigðisyfirvöld á Íslandi treystu. Sigmar Georgssyni ber að þakka þennan frábæra árangur.



Augnlækningar

Markmiðið verkefnisins var að bæta augnlækningar í Vestmannaeyjum og er unnið í samstarfi við Sjónlag, sem sinnir þjónustunni. Keyptur var sérhannaður tækjabúnaður til fjaraugnlækninga frá Zeiss. Þetta tæki er fullkomnara en áður hefur sést og var engu til sparað í þróun tækisins og enginn afsláttur gefinn á gæðunum.



Óskar Jónsson augnlæknir sýndi okkur tækjabúnaðinn hjá Sjónlag, en annar sambærilegur er staðsettur í Vestmannaeyjum. Zeiss hefur notað þetta dæmi til að kynna möguleikum í fjarlækningum í Evrópu.



Fjarlækningar

Jónmundur Guðmundsson framkvæmdastjóri Sjónlags tók vel á móti okkur og hefur haldið vel utan um verkefnið í samvinnu augnlækna Sjónlags, Zeiss, Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Eyjum, Vestmannaeyjabæ og Lionsklúbbinn.

Douglas afhenti Jónmundi Friðarveggspjald Lions sem þakklætisvott fyrir samstarf Sjónlags og Lions. Síðan var skoðað hvernig tækin virka, en Svetlana Luchyk læknir stjórnaði í Vestmannaeyjum og með henni augnlæknirinn



Hjörtur Kristjánsson læknir HSU. Lionsfélagar í Eyjum voru fengnir í sjónmælingu, en Jón Pálmason stjórnaði fjarfundinum frá Reykjavík.



Móttaka í Lionsheimilinu

Vegna samkomutakmarkana var ekki hægt að halda móttöku með hefðbundnum hætti og boðið upp á rafræna (sýndar-) móttöku með ZOOM. Nokkrir voru í salnum og allmargir við skjáinn, víða um heim. Hjón eða fjölskyldur komu saman, jafnvel heilu klúbbarnir söfnuðust við skjáinn, sýndu frá móttökunni og hlustuðu á orð forsetans.



Porkell Cýrusson fjölumðemisstjóri stýrði móttökunni, eins og öllum viðburðum heimsóknarinnar, en Jón Pálmason stjórnaði Zoom-útsendingum dagsins. Óskar Pétur Friðriksson í Lkl.Vestmannaeyja tók ljósmyndir, sem verða notaðar hjá Markaðsdeild LCI.



IP Douglas veitti í margar viðurkenningar m.a. forystu Lions í dag og marga sem komu að atriðum heimsóknarinnar. Hann heiðraði

meðal annars yngsta klúbbinn okkar Lkl. Freyju Reykjanesbæ.

Sigmar Georgsson fékk Forsetaorðu fyrir einstakt afrek, sem LCIF-verkefni Lkl. Vestmannaeyja svo sannarlega er.



Heiðursvíkingur

Um kvöldið var skipt um gir og borðað í Fjörukránni, með dúndrandi Víkingastemmningu. Douglas var gerður að Heiðursvíkingi nr. 43.122.



Miðvikudagurinn var helgaður verkefnum GST, svo Björn Guðmundsson MD-GST og hans kona Sigríður Magnúsdóttir komu suður, til að hitta Douglas. Sigmar Georgsson og Óskar Pétur Friðriksson frá Lkl.Vestmannaeyja mættu á „Norðureyjuna“ til að taka þátt í viðburðum dagsins.



Neyðarkall

Næsta morgun var farið í heimsókn til Björgunarsveitar Hafnarfjarðar, sem buðu upp á kaffi og kleinur og kynntu starfsemina. Lkl. Hafnarfjarðar hefur stutt sveitina dyggilega í langan tíma og í dag afhentu þeir höfðinglega gjöf.

Bæjarstjórinn Rósa Guðbjartsdóttir tók þátt í viðburðinum, ræddi við félaganna og forsetann, lýsti yfir virðingu fyrir störfum Lions og þakklæti fyrir störf klúbbsins í þágu bæjarfélagsins. Douglas þakkaði henni fyrir stuðning



við Lions og veitti henni Friðarvegsspjald Lions.



Bessastaðir

Forseti Íslands er verndari Lions á Íslandi. Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands bauð Douglas og fylgdarliði til móttöku á Bessastöðum. Guðni Th. tók vel á móti okkur að vanda, átti skemmtilegar viðræður við Douglas um Lions á Íslandi og víða um heim.



Hann kom líka með skemmtilega nýja vinkla á Íslandskynningunni. Þetta var mjög ánægjuleg heimsókn og glatt á hjalla og drukkið kaffi úr betri bollunum. Douglas gaf forsetanaum Kristal-Ljónið.



Forsetatré

Eins og alltaf síðan 1989, plantaði alþjóðaforsetinn tré í lundi Lkl. Ásbjarnar í Hafnarfirði. Félagarnir fjölmenntu og aðstoðuðu forsetann við trjáplöntun og buðu svo upp á hákarl og brennivín, harðfisk og fleira góðgæti.



Eins og gjarnan í nóvember var hálf napurt og skilyrði ekki hin ákjósanlegustu til trjáplöntunar, en við höldum í hefðina; þetta er orðið mjög vel þekkt verkefni og er skemmtilegur siður.



Vorum við í góðum málum með fjölda Melvin Jones féлага, Módel Klúbba, þátttöku klúbba á landsvísu og öll framlög til LCIF, Campaign 100.



Vegna COVID var fjöldatakmörkun og viðburðinum rafrænn á Zoom. Allamargir tóku þátt rafrænt, þar á meðal Ole Fjeldtved í Noregi, sem ávarpaði samkomuna og óskaði íslenskum Lionsfélögum til hamingju með góðan árangur og þakkaði Douglas forseta fyrir góða ræðu og fyrir frábæra stefnu og starf fyrir Lions.



Um kvöldið var GLT kvöld, en þá gátu Halldór Kristjánsson fræðslustjóri og Jenny Ágústsdóttir kona hans eytt með forsetanum.



Fulltrúar Módel Klúbba á Íslandi, en fjöldi MK í (per) umdæmi er Evrópu met.



Eftir þennan ánægjulega viðburð, fór IP Douglas X. Alexander út á flugvöll og í beinu flugi heim til New York.

Hann var yfir sig hrifinn af verkefnum sem hann skoðaði og þeim félögum sem hann kynntist.

Hann fór sæll og glaður heim og bað fyrir góðar kveðjur og þakkir til Lions á Íslandi og þeim sem við vinnum með.

*Guðrún Björt Yngvadóttir
Fyrirverandi Alþjóðaforseti Lions
Varaformaður Alþjóðahjálparsjóðsins*



LCIF-viðburður

Heimsókninn lauk svo á LCIF-viðburði í Lionsheimilinu, þar sem á dagskránni var kynning, umræður, viðurkenningar og myndatökur. Kristinn Hannesson LCIF-stjóri fór yfir stöðu LCIF á Íslandi, og sýndi glærur með upplýsingum um framlögum Lions á Íslandi, samborið við önnur lönd.



LCIF-stjórar á Íslandi, sigurliðið í Evrópu.

Douglas var mjög ánægður með árangur okkar og þakkaði íslenskum Lionsfélögum fyrir örlæti, dugnað og skilning og hrósaði öflugum stjórnendum á Íslandi.



Lionsklúbbur Hafnarfjarðar

Jólafastan er ganginn í garð og tólfta desember fara börnin að setja skóinn sinn úti glugga, þá er von á fyrsta jólasveininum, en sá þrettándi kemur nóttina fyrir aðfangadag. Sagt er að allra fyrstu jólatrén hafi komið til Íslands í kringum 1850. Hefð er fyrir að það sé skreytt á Þorláksmessu eftir að hafa borðað vel kæsta skötu í hádeginu. Í upphafi jólaföstu safnast fjölskyldan saman til að skera út laufabrauð eða baka smákökur. Laufabrauð er næfurþunnt og stökk hveitikaka sem borðuð er með hangikjötinu á jóladag að norðlenskum sið.

Þrátt fyrir að Covid hafi verið í veldisvexti undanfarið, höfum við haldið starfinu áfram að mestu leiti. Fjáröflun sem fór á stað í síðasta mánuði gekk ekki eins vel og til stóð. Sameiginlegur jólafundur sem vera átti í byrjun desember, með Kaldá, Ásbirni og LkH var aflýst. Á fyrsta fundi í nóvember kom í heimsókn góður gestur, Skarp-héðinn Orri Björnsson forstjóri Algalíf og sagði okkur frá þeirri merku starfsemi sem fram fer í fyrirtækinu. Þar er framleitt astaxanthin á sjálfbæran hátt í glerrörum, hreint náttúrulegu íslensku vatni er notað og 100% græn jarðvarmaorka, rannsóknir hafa ma. sýnt að náttúrulegt astaxanthin seinkar öldrun og aldurstengdri sjónhrörnun.

Um miðjan nóvember fórum við í heimsókn til vina okkar í Björgunarsveit Hafnarfjarðar, að venju færðum við þeim góða fjárhæð að gjöf sem að mestu fer í að þjálfa leitarhunda þeirra. Góðir gestir voru mættir, Douglas X Alexander alþjóðaforseti, Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri í Hafnarfirði, Guðrún Björt Yngvadóttir fyrrum alþjóðaforseti, Kristinn Hannesson, Jón Bjarni og Þorkell Cýrusson ásamt tólf félögum úr LkH. Var alþjóðaforseta sagt frá starfsemi björgunarsveitarinnar og sýnd tækin sem þeir hafa ásamt leitarhundinum Urtu. Alþjóðaforseti færði þeim Ellert Eggertssyni og Geir Haukssyni viðurkenningarskjal fyrir góð störf í Lions. Alþjóðaforseti færði bæjarstjóra platta/teikningu sem er vinningsteikning barna, „Peace Poster“ eða friðarvegsspjald. Allir klúbbar í heiminum eru hvattir til að senda inn tillögur á hverju ári, tengt verkefninu. Plattinn sem Rósa fékk var 2019-20 Grand Prize winner og heitir Journey of Peace og er eftir 12 ára stúlku, Zhuo Zhang frá Kína. Á síðasta fundi okkar í nóvember var góður gestur, einn af okkar bestu félögum í LkH, Halldór Svavarsson að kynna bók sína Strand Jamestown úti fyrir Höfnum árið 1881, fróðleg og skemmtilega skrifuð og á erindi til margra. Ásta Eyjólfsdóttir formaður Mæðrastyrksnefndar kom í heimsókn og var henni færður veglegur styrkur eins og gert hefur verið undanfarin ár ásamt mótframlagi frá Fjarðar-kaupum. Birgi Jóhannesson var sæmdur Kjaransmerki fyrir vel unnin störf og Jón Rúnar Jónsson vegna áttatíu ára afmælis í júlí ásamt Úlfi Atlasyni sem varð tvítugur í nóvember. Myndir: G. Kristinn J. og Ellert.



Douglas X. Alexander, Gísli Johansen og Geir Hauksson.



Rósa Guðbjartsdóttir og Douglas X. Alexander.



Douglas X. Alexander og Gissur Júní Kristjánsson.



Rósa Guðbjartsdóttir, Douglas X. Alexander, Ellert Eggertsson og Geir Hauksson



Douglas X. Alexander og Geir Hauksson.



Birgir Jóhannesson og Geir Hauksson.



Gunmar Stefánsson, Geir Hauksson, Haraldur Benediktsson, Guðrún Björt Yngvadóttir og Alþjóðaforseti



Alþjóðaforseti tilbúinn í útkall.



Rósa Guðbjartsdóttir, Douglas X. Alexander og Guðrún Björt Yngvadóttir.



Haraldur Benediktsson og Ellert Eggertsson.



Halldór Svavarsson.




Geir Hauksson, Ásta Eyjólfsdóttir og Magnús Úlfur Atlason, Jón Rúnar Jónsson og Geir Ingjaldsson.



LkH óskar öllu Lions fólki Gleðilegra jólahátíðar árs og friðar. Friðgeir H. Guðmundsson. Blaðafulltrúi LkH

Lionsklúbbur Njarðvíkur Jólahappdrætti Lionsklúbbs Njarðvíkur



Áralöng hefð er fyrir því hjá Lionsklúbbi Njarðvíkur að afhenda styrki og hefja sölu happdrættismiða á fyrsta sunnudegi í aðventu. Að þessu sinni voru úthlutað styrkjum fyrir rúmlega tvær milljónir króna til eftirfarandi: Björgin geðræktarmiðstöð Suðurnesja, NES Íþróttafélag faltaðra á Suðurnesjum, kaup á hjartastuðtæki fyrir Innri-Njarðvíkursókn, styrkur fyrir rafmagnsreiðhjól á Reykjalandi, Starfsmannafélag Brunavarna Suðurnesja - styrkur fyrir þjálfunarbúnað sjúkraflutningamanna, Tónlistarskóli Reykjanesbæjar, Team Rynkeby fyrir styrktarsjóð Umhyggju

félags langveikra barna, Velferðarsjóður Suðurnesja og Virkjun mannaúðs og velferðar í Reykjanesbæ.

Jólahappdrættið er megin fjárfloflun Lionsklúbbs Njarðvíkur sem skilar veglegum hagnaði í líknarsjóð klúbbsins á hverju ári. Í ár eru 3.000 miðar í boði og miðaverðið er 2.500 krónur. Að venju er bíll í fyrsta vinning auk annarra veglegra vinninga, og dregið er úr seldum miðum á Þorláksmessu og reynt að ná sambandi við sem flesta vinningshafa strax sama kvöld.

